

Skagabyggð
Erla Jónsdóttir
Kambakot
541 Blönduós

Garðabær, 21. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0053
LA

Efni: Hreinsun svæðis og stikun göngustíga innan náttúruminjasvæðisins Kálfshamarsvík

Vísað er í bréf frá sveitarfélagi Skagabyggðar, dags. 15. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan svæðis á náttúruminjasrá, Kálfshamarsvík á Skaga (nr. 409). Skagabyggð hefur sótt um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þar sem farið er fram á umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í að hreinsa gamlar og ónýtar girðingar af svæðinu, en jafnframt að setja upp nýjar girðingar í samræmi við nýtt deiliskipulag svæðisins. Þá er gert ráð fyrir að hnitsetja og stika göngustíga, leggja tréstíga/brýr yfir allt að 40 m af votlendi með það að markmiði að stýra betur umferð gangandi fólks.

Utanverður Skagi, ásamt Kálfshamarsvík, hefur verið skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og er á B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar vegna vistgerða, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/nordvesturland/skagi>). Austan við Kálfshamarsvík eru víðfeðm votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn til sveitarfélagsins um deiliskipulagstillögu fyrir Kálfshamarsvík, dags. 6. mars 2023, þar sem gerð var athugasemd við nýjan aðkomuveg og rask á votlendi sem kemur til með að fylgja lagningu hans. Einnig var bent á að áform um göngustíga munu valda raski á lítt snortnu gróðurlendi og búsvæðum fugla, en að með góðri hönnun og stýringu umferða sé hægt að draga að mestu úr neikvæðum áhrifum stígagerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun telur mjög jákvætt að sveitarfélagið Skagabyggð hyggst vernda náttúruminjasvæðið Kálfshamarsvík með því að hreinsa svæðið og byggja upp innviði til að stýra umferð ferðamanna. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að sveitarfélagið, ásamt Umhverfisstofnun, hefji undirbúning að friðlýsingarferli fyrir Kálfshamarsvík. Þá bendir Náttúrufræðistofnun á að leita þarf framkvæmdaleyfis hjá Umhverfisstofnun vegna framkvæmda innan náttúruminjasvæðisins. Einnig bendir stofnunin á 26. gr. náttúruverndarlaga (60/2013) er varðar girðingar á vatns-, ár- eða sjávarbökkum, þar sem óheimilt er að hindra umferð gangandi manna.

Virðingarfyllst,

Lovisa Ásbjörnsdóttir

Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

